

Vopnafjarðarhreppur
Skipulagsfulltrúi
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Selfossi, 22. maí 2024
UST202404-297/K.B.B.
10.04.00

Efni: Umsögn - Ósk Yggdrasil carbon um framkvæmdarleyfi fyrir Skógrækt á Torfastöðum

Vísað er til erindis Vopnafjarðarhrepps er barst 24.4.2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna óskar Yggdrasil carbon um framkvæmdarleyfi til Vopnafjarðarhrepps til skógræktar á jörðinni Torfastaðir.

Í greinargerð kemur fram að Yggdrasil carbon (hér eftir framkvæmdaraðili) áformi skógrækt á 160 hekturum á 199,9 hektara framkvæmdarsvæði. Framkvæmdin verði vottað loftlagsverkefni og áætlað sé að verkefnið dragi til sín 50.000 - 70.000 tonn af CO₂ á 50 ára binditíma verkefnisins.

Sérstök vernd vistkerfa

Á framkvæmdarsvæðinu er að finna landvæði sem flokkast sem lítt raskað votlendi. Í nálægð við svæðið er að finna sjávarfitjar og leirur í Skógarlóni. Slík svæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum

sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í greinagerð með umsókn um framkvæmdarleyfi kemur fram að skógfræðingur hafi kortlagt svæðið og að haldið sé utan um plöntuverndarsvæði. Framkvæmdaraðili hafi tekið út í sínum verkefnum allt svæði sem teljist til votlendi og ekki verði plantað í neitt votlendi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ekki verði plantað í eða í nálægð við þau svæði sem njóta sérstakrar verndar.

Náttúruverndarsvæði

Í nálægð við áformað skógræktarsvæðið er að finna Nýpslón og skógarlón. Svæðið er á C hluta náttúruminjasrár og flokkað sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst þannig: 603. Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fjallað verði um möguleg áhrif skógræktarsvæðisins á ofangreint verndarsvæði, við lónin er að finna mikið af dýralífi við sérstæð skilyrði og óljóst er hver áhrif af framkvæmdinni kunni að vera.

Trjátegundir

Fram kemur að til standi að planta stafafuru í ræktunarsvæðið. Reynt verði að staðsetja stafafuru fjærst votlendi. Fram kemur í greinagerð að svæðið verði vaktað á a.m.k. 10 ára fresti. Þau gögn væri t.d. hægt að nýta til að skoða sjálfsáningu stafafuru innan verkefnasvæða og út fyrir verkefnasvæði og bregðast við ef þörf er á

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að stafafuru sem telst til útlendra plöntutegunda verði ekki plantað í votlendissvæði eða í nálægð við slík svæði. Óvissa sé um mögulega útbreiðslu stafafuru með sáningu og varúðar verði að gæta í notkunar hennar og útreiðsla hennar vöktuð.

Vatnsverndarsvæði

Á fyrirhuguðu skógræktarsvæði er straumvatnshlotið Vesturdalsá 1 og grunnvatnshlotið Vesturárdalur. Í vatnavefsjá er ekkert skráð álag á vatnshlotin en vakin er athygli á að ástand grunnvatnshlotsins hefur ekki verið metið þ.e. magnstaða og efnafræðilegt ástand og vistfræðilegt ástand Vesturdalsár 1 hefur verið metið í mjög góðu ástandi byggt á líkindum en þörf er á staðfestingu á ástandi (vatnavefsjá.is), efnafræðilegt ástand er óþekkt.

Umhverfismarkmið straumvatnshlota er að vera í a.m.k góðu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu.

Í 3. mgr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er mælt fyrir um að leyfisveitandi skuli við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda, tryggja að leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Til að leyfisveitandi geti tekið upplýsta ákvörðun um leyfisveitingu skal framkvæmdaraðili/starfsemi meta þau áhrif sem framkvæmdaraðilinn/ starfssemin er líklegt til að valda á nálæg vatnshlot í þeim tilgangi að útgefendur leyfis geti lagt mat á áhrifin og hvort umhverfismarkmið munu nást.

Til viðbótar liggur svæðið að hluta til meðfram fjarsvæði vatnsverndar sem fellur undi III. flokk í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og því skal gæta að allri efnanotkun s.s. olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili þurfi að fjalla um það með hvaða hætti framkvæmdin kunni að hafa áhrif á nálæg vatnshlot og að auki fjalla um það með hvaða hætti komið verði í veg fyrir mengun vatns á aðliggjandi vatnsverndarsvæði. Þarf í þessu samhengi meðal annars að fjalla um mögulega notkun áburðargjafa, plöntuverndarvara og umferð vélknúinni ökutækja í nánd við svæðið.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinagerð kemur fram að í undirbúningi fara verkefnastjóri framkvæmdaraðila og skógfræðingur ávallt í vistgerðarkort NÍ og skoða vistgerðir og verndarsvæði eins og votlendið, hvort einhver hluti svæðis sé á Náttúruminjaskrá eða á mikilvægu fuglasvæði.

Fullbúin ræktunaráætlunfyrir skógræktarsvæðið er ekki tilbúin og skortir því að fram komi í greinagerð upplýsingar um visgerðir og fuglalíf á svæðinu.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er að finna eftirtaldar vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins: starungsmýravist, víðikjarrvist og runnamýravist á láglandi sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í vistgerðunum getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stelkur (*Tringa totanus*) og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll, spói, stelkur og heiðlóa, eru ábyrgðartegundir Íslands.

Þá er vistgerðin víðikjarrvist mjög rík af plöntutegundum, einkum æðplöntum en af þeim telst hún ríkust allra vistgera.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Stofnunin leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi og sem eru mikilvæg lífssvæði mófugla.

Framkvæmdir háðar umhverfismati

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt lið 1.04 í 1. viðauka laganna er nýskógrækt sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis matskyld framkvæmd í B-flokki. Samkvæmt ákvæðinu á hið sama einnig við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði. Vísar ákvæðið til iii. lið 2. tölul. 2. viðauka en þar eru talin upp verndarsvæða og eru svæði sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd þar upptalin.

Áformuð skógrækt á Torfastöðum er á 160 hekturum á 199,9 hektara framkvæmdarsvæði, samkvæmt því fellur framkvæmdin ekki matskylda framkvæmd í B-flokki samkvæmt 1. viðauka. Framkvæmdin gæti hins vegar talist matskyld á grundvelli 2. viðauka vegna sérstakra verndar vistkerfa samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur